

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/16/01		Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7969 – GIP/CCPIB/Asciano Businesses)	1
2016/EES/16/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7853 – CMA CGM/Bolloré/Kribi JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2016/EES/16/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M. 7950 – EGB/GP)	2
2016/EES/16/04		Ríkisaðstoð – Rúmenía – Málsnúmer SA.32963 (2015/C) (áður 2012/NN) (áður 2011/CP) – Ríkisaðstoð við Wizz Air og Cluj-Napoca Airport – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	3
2016/EES/16/05		Ríkisaðstoð – Rúmenía – Málsnúmer SA.33769 (2015/C) (áður 2015/NN) (áður 2011/CP) – Meint aðstoð við Târgu-Mureş Transilvania Airport, Wizz Air, Ryanair og önnur flugfélög – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	3
2016/EES/16/06		Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer SA.35905 (2016/C) (áður 2015/NN) (áður 2012/CP) – Sérleyfishafar með starfsemi í Antwerpen-höfn – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	4
2016/EES/16/07		Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	4

2016/EES/16/08	Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	6
2016/EES/16/09	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2016 – Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)	7
2016/EES/16/10	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta (<i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt viðkomandi Sambandslöggjöf</i>)	8

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/16/01

(mál M.7969 – GIP/CCPIB/Asciano Businesses)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004

Hinn 26. febrúar 2016 barst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna GIP/CCPIB/Asciano Businesses. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 18. mars 2016.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/16/02

(mál M.7853 – CMA CGM/Bolloré/Kribi JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr.139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin CMA CGM S.A. og Bolloré S.A. öðlast í sameiningu með hlutabréfakaupum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýrri gámastöð í höfninni Kribi, Kamerún („Kribi JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CMA CGM: starfsemi á sviði skipaflutninga og rekstur afhendingarstöðva í höfnum. CMA CGM er þriðja stærsta skipaflutningafyrirtæki heims og annast starfsemi af fjölbreyttu tagi, m.a. skipaflutninga, flutninga kæligáma (þ.e. flutning á kælivöru) og afgreiðslu í höfnum, ásamt vöruflutningum og vöruferlisstjórnun
 - Bolloré: fjárfestingar- og eignarhaldsfélag sem starfar á sviði þjónustu í tengslum við flutninga og vöruferlisstjórnun, í framleiðslu á plastfilmum, miðavélum, rafhlöðum og rafknúnum ökutækjum, ásamt eldsneytisdreifingu, samskiptum og fjölmiðlun, þ. á m. auglýsingum, og ræktun á plantekrum
 - Kribi JV: Sameiginlega fyrirtækið Kribi JV mun þróa og starfrækja nýja gámastöð við djúpsjárhöfnina Kribi (Kamerún)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkingu samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 105, 19.3.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7853 – CMA CGM/Bolloré/Kribi JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál M. 7950 – EGB/GP)

2016/EES/16/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem tékkneska fyrirtækið Česká spořitelna, a.s. („CSAS“), slóvenska fyrirtækið Slovenská sporiteľňa, a.s. („SLSP“) og rúmenska fyrirtækið Banca Comercială Română S.A. („BCR“), sem eru annars vegar hluti af austurríska fyrirtækinu Erste Group Bank AG („EGB“), og hins vegar bandaríska fyrirtækinu Global Payments Inc. („GP“), öðlast í sameiningu með yfirfærslu eigna og hlutafjárkaupum yfirráð yfir Global Payments s.r.o. sem er sameiginlegt fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EGB: banka-, fjármála- og greiðsluþjónusta, m.a. færsluhirðingu í Mið- og Austur-Evrópu
 - GP: veiting þjónustu fyrir greiðslukortaviðskipti, m.a. færsluhirðing á EES-svæðinu og einnig á heimsvísu
 - Sameiginlegt fyrirtæki: færsluhirðing í Tékklandi, Slóvaíku og Rúmeníu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 103, 18.3.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7950 – EGB/GP, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Ríkisaðstoð – Rúmenía**2016/EES/16/04****Málsnúmer SA.32963 (2015/C) (áður 2012/NN) (áður 2011/CP) – Ríkisaðstoð við Wizz Air og Cluj-Napoca Airport****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Rúmeníu, með bréfi dagsettu 31. júlí 2015, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([OJ C 104, 18.3.2016, bls. 77](#)). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Place Madou
B-1049 Brussels
Belgía
Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Rúmeníu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Rúmenía**2016/EES/16/05****Málsnúmer SA.33769 (2015/C) (áður 2015/NN) (áður 2011/CP) – Meint aðstoð við Târgu-Mureş Transilvania Airport, Wizz Air, Ryanair og önnur flugfélög****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Rúmeníu, með bréfi dagsettu 31. júlí 2015, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([OJ C 104, 18.3.2016, bls. 45](#)). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Place Madou
B-1049 Brussels
Belgía
Bréfasími: + 32 2 296 12 42
Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Rúmeníu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Belgía

2016/EES/16/06

Málsnúmer SA.35905 (2016/C) (áður 2015/NN) (áður 2012/CP) – Sérleyfishafar með starfsemi í Antwerpen-höfn

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Frankvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dagsettu 15. janúar 2016, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (OJ C 104, 18.3.2016, bls. 17). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
 Directorate-General for Competition
 Place Madou
 B-1049 Brussels
 Belgía
 Bréfasími: + 32 2 296 12 42
 Netfang: stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni

2016/EES/16/07

Efnahagsþróunarráðuneytinu hefur borist umsókn frá Pengas Italiana S.r.l. um leyfi til kolvatnsefnisleitar, sem kallast „Gussola“, á svæði í Langbarðalandi, einkum í sýslunum Cremona og Mantova, eins og lýst er hér að neðan:

Hornpunktar	Hnit	
	Vestlæg lengd (mæld frá Monte Mario lengdarbaugnum)	Norðlæg breidd
a	– 2°15'	45°10'
b	– 2°09'	45°10'
c	– 2°09'	45°09'
d	– 2°07'	45°09'
e	– 2°07'	45°08'
f	– 2°05'	45°08'
g	– 2°05'	45°07'
h	– 1°58'	45°07'
i	– 1°58'	45°00'
l	– 2°09'	45°00'
m	– 2°09'	45°02'
n	– 2°14'	45°02'
o	– 2°14'	45°03'
p	– 2°19'	45°03'
q	– 2°19'	45°08'
r	– 2°15'	45°08'

Ofangreind hnit eru í samræmi við Ítaliukort frá landafræðistofnun hersins (Istituto Geografico Militare. IGM) – af stærðarhlutfallinu 1:100 000 – Kort nr. 61 og 62.

Í samræmi við þessa afmörkun svæðisins er flatarmál þess 363,80 km².

Í samræmi við ofangreinda tilskipun, 4. gr. lagatilskipunar nr. 625 frá 25. nóvember 1996, ráðherratilskipun frá 4. mars 2011 og stjórnsýslutillskipun frá 22. mars 2011, verður efnahagsþróunarráðuneytið að birta auglýsingu til að gera öðrum áhugaaðilum kleift að sækja um leyfi til leitar að kolvatnsefni á svæðinu sem skilgreint er hér að framan.

Úthlutun viðkomandi leyfis er í höndum deildar VI á aðalskrifstofu afhendingaröryggis og grunnvirkja orku í efnahagsþróunarráðuneytinu.

Mælt er nánar fyrir um reglur um leyfi til jarðefnavinnslu í lögum nr. 613 frá 21. júlí 1967, lögum nr. 9 frá 9. janúar 1991, lagatilskipun nr. 625 frá 25. nóvember 1996, ráðherratilskipun frá 4. mars 2011, stjórnsýslutillskipun frá 22. mars 2011 og ráðherratilskipun frá 30. október 2015.

Tekið verður á móti umsóknum í þrjá mánuði eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjtið. ESB C 91, 8.3.2016, bls. 6).

Umsóknir, sem berast eftir að ofangreindur frestur rennur út, verða ekki teknar til greina.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Ministero dello sviluppo economico
Direzione generale per la sicurezza dell'approvvigionamento e le infrastrutture energetiche
Divisione VII
Via Molise 2
00187 Roma
ITALIA

Umsókn má einnig senda með tölvupósti á eftirfarandi vottað netfang: dgsaie.div07@pec.mise.gov.it

Tilskilin gögn skal senda á rafrænu formi með stafrænni undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns fyrirtækisins sem stendur að umsókninni.

Í samræmi við 2. lið viðauka A forsætisráðherratilskipunar nr. 22 frá 22. desember 2010, skal málsmeðferðin við úthlutun leyfa ekki vera lengri en 180 dagar.

**Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til 2. mgr. 3. gr. 2016/EES/16/08
tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahagsþróunarráðuneytinu hefur borist umsókn um leit að kolvatnsefni frá fyrirtækinu Enel Longanesi Developments s.r.l., sem gengur undir heitinu „Sciascitiello“, að því er varðar svæði í Apúlíu, einkum í héraðinu Foggia, eins og lýst er hér að neðan:

Hornpunktar	Hnit	
	Austlæg lengd mæld frá Monte Mario lengdarbaugnum	Norðlæg breidd
a	– 2°23'	45°00'
b	– 2°18'	45°00'
c	– 2°18'	44°57'
d	– 2°13'	44°57'
e	– 2°13'	44°54'
f	– 2°08'	44°54'
g	– 2°08'	44°50'
h	– 2°16'	44°50'
i	– 2°16'	44°47'
l	– 2°18'	44°47'
m	Skurðpunktur lengdarbaugs – 2°18' og marka svæðisins sem áður var svæði ENI	
n	Skurðpunktur milli marka svæðisins sem áður var svæði ENI og lengdarbaugs 2°22'	
o	– 2°22'	44°44'
p	– 2°27'	44°44'
q	– 2°27'	44°48'
r	– 2°26'	44°48'
s	– 2°26'	44°49'
t	– 2°27'	44°49'
u	– 2°27'	44°50'
v	– 2°23'	44°50'

Mörkin frá hornpunkti „n til hornpunkts „n í leyfinu sókninni falla að mörkunum á svæðinu sem áður var svæði ENI.

Ofangreind hnit eru í samræmi við Ítaliukort frá landafræðistofnun hersins (Istituto Geografico Militare, IGM) í stærðarhlutfallinu 1:100 000 – Kort nr. 73.

Í samræmi við þessa afmörkun svæðisins er flatarmál þess 411,40 km².

Í samræmi við ofangreinda tilskipun, 4. gr. lagatilskipunar nr. 625 frá 25. nóvember 1996, ráðherratilskipun frá 4. mars 2011 og stjórnsýslutillskipun frá 22. mars 2011, verður efnahagsþróunarráðuneytið að birta auglýsingu til að gera öðrum áhugaaðilum kleift að sækja um leyfi til leitar að kolvatnsefni á svæðinu sem skilgreint er hér að framan.

Úthlutun viðkomandi leyfis er í höndum deildar VI á aðalskrifstofu afhendingaröryggis og grunnvirkja orku í efnahagsþróunarráðuneytinu.

Mælt er nánar fyrir um reglur um leyfi til jarðefnavinnslu í lögum nr. 613 frá 21. júlí 1967, lögum nr. 9 frá 9. janúar 1991, lagatilskipun nr. 625 frá 25. nóvember 1996, ráðherratilskipun frá 4. mars 2011, stjórnsýslutillskipun frá 22. mars 2011 og ráðherratilskipun frá 30. október 2015.

Tekið verður á móti umsóknum í þrjá mánuði eftir að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (Stjtið. ESB C 91, 8.3.2016, bls. 4).

Umsóknir, sem berast eftir að ofangreindur frestur rennur út, verða ekki teknar til greina.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Ministero dello sviluppo economico
Direzione generale per la sicurezza dell'approvvigionamento e le infrastrutture energetiche
Divisione VII
Via Molise 2
00187 Roma
ITALIA

Umsókn má einnig senda með tölvupósti á eftirfarandi vottað netfang: dgsaie.div07@pec.mise.gov.it. Tilskilin gögn skal senda á rafrænu formi með stafrænni undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns fyrirtækisins sem stendur að umsókninni.

Í samræmi við 2. lið viðauka A forsætisráðherráttisráðs nr. 22 frá 22. desember 2010, skal málsmeðferðin við úthlutun leyfa ekki vera lengri en 180 dagar.

Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2016

2016/EES/16/09

Priðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)

Auglýst er eftir umsóknum um samþykkt evrópsk viðmiðunarnet og um samstarfssamninga grundvelli þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)⁽¹⁾.

Í auglýsingu þessari eftir umsóknum er að finna:

- auglýsingu eftir tillögum um samþykkt evrópsk viðmiðunarnet,
- auglýsingu eftir tillögum um samstarfssamninga til margra ára.

Frestur til að skila tillögum á netinu rennur út **21. júní 2016**.

Unnt er að nálgast allar upplýsingar, þ.m.t. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 2016 um samþykkt starfsáætlunar fyrir árið 2016 í tengslum við framkvæmd þriðju aðgerðaáætlunar Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020), svo og viðmiðanir sem ráða vali umsókna, styrkveitingum og öðrum atriðum í tengslum við fjárframlög til aðgerða samkvæmt áætluninni, á vefsetri framkvæmdastofnunar neytenda- og heilbrigðismála og matvæla (Chafea):

<http://ec.europa.eu/chafea/>

Athuga ber að eðli sínu samkvæmt gerir þessi auglýsing að verkum að skila ber umsóknum fyrir bæði evrópsk viðmiðunarnet og samfjármögnun ESB í gegnum samstarfssamning og sérstökum styrksamningum í framhaldi af því. Sérstök auglýsing fer fram síðar á árinu vegna umsækjenda um samþykkt evrópsk viðmiðunarnet án samfjármögnunar ESB.

⁽¹⁾ (Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 282/2014 frá 11. mars 2014 um að koma á fót þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1350/2007/EB (Stjútíð. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 1).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og
stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta**

2016/EES/16/10

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt viðkomandi Sambandslöggjöf)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjórn. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 6185-1:2001 Uppblásanlegir bátar – 1. hluti: Bátar með 4,5 kW hámarksvélarafli (ISO 6185-1:2001)	17.4.2002		
CEN	EN ISO 6185-2:2001 Uppblásanlegir bátar – 2. hluti: Bátar með hámarksvélarafli 4,5 kW til og með 15 kW (ISO 6185-2:2001)	17.4.2002		
CEN	EN ISO 6185-3:2014 Uppblásanlegir bátar – Hluti 3: Bátar sem eru undir 8 m að lengd með 15 kW hámarksvélarafli og meira (ISO 6185-3:2014)	16.1.2015	EN ISO 6185-3:2001 Athugasemd 2.1	31.8.2016
CEN	EN ISO 6185-4:2011 Uppblásanlegir bátar – Hluti 4: Bátar af heildarlengd milli 8 og 24 m og með 15 kW vélarafli eða meira (ISO 6185-4:2011)	4.1.2012		
CEN	EN ISO 7840:2013 Smábátar – Eldtraustar eldsneytislöngur (ISO 7840:2004)	18.12.2013	EN ISO 7840:2004 Athugasemd 2.1	Liðinn (24.7.2014)
CEN	EN ISO 8099:2000 Smábátar – Söfnunarkerfi fyrir salernisúrgang (ISO 8099:2000)	11.5.2001		
CEN	EN ISO 8469:2013 Smábátar – Eldsneytislöngur sem eru ekki eldtraustar (ISO 8469:2006)	18.12.2013	EN ISO 8469:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (24.7.2014)
CEN	EN ISO 8665:2006 Smábátar – Stimpilbrunahreyflar í báta – Mæling og yfirlýsing um vélarafli (ISO 8665:2006)	16.9.2006	EN ISO 8665:1995 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.12.2006)
CEN	EN ISO 8666:2002 Smábátar – Meginupplýsingar (ISO 8666:2002)	20.5.2003		
CEN	EN ISO 8847:2004 Smábátar – Strýrisbúnaður – Vírar og trissur (ISO 8847:2004)	8.1.2005	EN 28847:1989 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.11.2004)
	EN ISO 8847:2004/AC:2005	14.3.2006		
CEN	EN ISO 8849:2003 Smábátar – Rafknúnaðar jafnstraums austurdælur (ISO 8849:2003)	8.1.2005	EN 28849:1993 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2004)
CEN	EN ISO 9093-1:1997 Smábátar – Vatnsgáttir og lokur gegnum skrokk – 1. hluti: Gáttir og lokur úr málm (ISO 9093-1:1994)	11.5.2001		
CEN	EN ISO 9093-2:2002 Smábátar – Vatnsgáttir og lokur gegnum skrokk – 2. hluti: Úr öðru efni en málm (ISO 9093-2:2002)	3.4.2003		
CEN	EN ISO 9094-1:2003 Smábátar – Eldvarnir – 1. hluti: Bátar með skrokk lengd allt að 15 m (ISO 9094-1:2003)	12.7.2003		

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 9094-2:2002 Smábátar – Eldvarnir – 2. hluti: Bátar með skrokklengd yfir 15 m (ISO 9094-2:2002)	20.5.2003		
CEN	EN ISO 9097:1994 Smábátar – Rafknúnar viftur (ISO 9097:1991)	25.2.1998		
	EN ISO 9097:1994/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CEN	EN ISO 10087:2006 Smábátar – Auðkenning bols – Skráningarkerfi (ISO 10087:2006)	13.5.2006	EN ISO 10087:1996 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.9.2006)
CEN	EN ISO 10088:2013 Bátar – Föst eldsneytiskerfi (ISO 10088:2009)	18.12.2013	EN ISO 10088:2009 Athugasemd 2.1	Liðinn (28.8.2014)
CEN	EN ISO 10133:2012 Smábátar – Rafkerfi – Jafnstraumslagnir með mjög lágru spennu (ISO 10133:2012)	13.3.2013	EN ISO 10133:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.6.2013)
CEN	EN ISO 10239:2014 Smábátar – Kerfi fyrir fljótandi jarðolíugas (LPG) (ISO 10239:2014)	13.3.2015	EN ISO 10239:2008 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.12.2015)
CEN	EN ISO 10240:2004 Smábátar – Notendahandbók (ISO 10240:2004)	3.5.2005	EN ISO 10240:1996 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2005)
CEN	EN ISO 10592:1995 Smábátar – Vökvastýrikerfi (ISO 10592:1994)	25.2.1998		
	EN ISO 10592:1995/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CEN	EN ISO 11105:1997 Bátar – Loftræstikerfi á rými fyrir bensínvélur og/eða bensíngeyma (ISO 11105:1997)	18.12.1997		
CEN	EN ISO 11192:2005 Bátar – Myndræn tákni (ISO 11192:2005)	14.3.2006		
CEN	EN ISO 11547:1995 Smábátar – Ræsvörn fyrir utanborðsvél sem er í gír (ISO 11547:1994)	18.12.1997		
	EN ISO 11547:1995/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CEN	EN ISO 11591:2011 Smábátar, vélknúnir – Sjónsvið frá stýrisstöð (ISO 11591:2011)	4.1.2012	EN ISO 11591:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.3.2012)
CEN	EN ISO 11592:2001 Smábátar undir 8 m skrokklengd – Ákvörðun á málgildi hámarksknúningsafls (ISO 11592:2001)	6.3.2002		
CEN	EN ISO 11812:2001 Smábátar – Vatnspétt stýrisrúm og stýrisrúm sem tæma sig fljótt (ISO 11812:2001)	17.4.2002		
CEN	EN ISO 12215-1:2000 Smábátar – Smíði skrokks – Efnismál – 1. hluti: Efni: Hitaharðnandi resín, trefjaglersstyrking, viðmiðunarlagsskipting (ISO 12215-1:2000)	11.5.2001		

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 12215-2:2002 Smábátar – Smíði skrokks og efnismál – 2. hluti: Efni: Efni í samlokukjarna til nota við samlokusmið, innsteypt efni (ISO 12215-2:2002)	1.10.2002		
CEN	EN ISO 12215-3:2002 Smábátar – Smíði skrokks og efnismál – 3. hluti: Efni: Stál, álblöndur, viður og önnur efni (ISO 12215-3:2002)	1.10.2002		
CEN	EN ISO 12215-4:2002 Smábátar – Smíði skrokks og efnismál – 4. hluti: Verkstæði og framleiðsla (ISO 12215-4:2002)	1.10.2002		
CEN	EN ISO 12215-5:2008 Bátar – Smíði skrokks og efnismál – Hluti 5: Hönnunarþrýstingur einbolunga, hönnunarspenna, ákvörðun efnismáls (ISO 12215-5:2008)	3.12.2008		
	EN ISO 12215-5:2008/A1:2014	16.1.2015	Athugasemd 3	Liðinn (28.2.2015)
CEN	EN ISO 12215-6:2008 Bátar – Smíði skrokks og efnismál – Hluti 6: Byggingarfyrirkomulag og frágangur (ISO 12215-6:2008)	3.12.2008		
CEN	EN ISO 12215-8:2009 Bátar – Smíði skrokks og efnismál – Hluti 8: Stýrisblað (ISO 12215-8:2009)	17.4.2010		
	EN ISO 12215-8:2009/AC:2010	11.11.2010		
CEN	EN ISO 12215-9:2012 Bátar – Smíði skrokks og efnismál – Hluti 9: Áfestir hlutar seglbáta (ISO 12215-9:2012)	15.8.2012		
CEN	EN ISO 12216:2002 Smábátar – Gluggar, kýraugu, lúgur, ljórar og hurðir – Kröfur um styrk og vatnsheldni (ISO 12216:2002)	19.12.2002		
CEN	EN ISO 12217-1:2015 Smábátar – Mat og flokkun á stöðugleika og flotmagni – Hluti 1: Bátar aðrir en seglbátar sem eru 6 m að lengd og lengri (ISO 12217-1:2015)	15.1.2016	EN ISO 12217-1:2013 Athugasemd 2.1	31.5.2016
CEN	EN ISO 12217-2:2015 Smábátar – Mat og flokkun á stöðugleika og flotmagni – Hluti 2: Seglbátar sem eru 6 m að lengd og lengri (ISO 12217-2:2015)	15.1.2016	EN ISO 12217-2:2013 Athugasemd 2.1	31.5.2016
CEN	EN ISO 12217-3:2015 Smábátar – Mat og flokkun á stöðugleika og flotmagni – Hluti 3: Bátar sem eru undir 6 m að lengd (ISO 12217-3:2015)	15.1.2016	EN ISO 12217-3:2013 Athugasemd 2.1	31.5.2016
CEN	EN ISO 13297:2014 Smábátar – Rafkerfi – Riðstraumsraflagnir (ISO 13297:2014)	13.3.2015	EN ISO 13297:2012 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.6.2015)
CEN	EN ISO 13590:2003 Bátar – Sæpotur – Kröfur varðandi byggingu og kerfisuppsetningu (ISO 13590:2003)	8.1.2005		
	EN ISO 13590:2003/AC:2004	3.5.2005		

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 13929:2001 Smábátar – Stýrisbúnaður – Tannhjólakerfi (ISO 13929:2001)	6.3.2002		
CEN	EN ISO 14509-1:2008 Bátar – Hljóð sem berst um loft frá vélknúnum skemmtibátum – Hluti 1: Aðferðir við mælingar á hljóði sem berst frá bát á siglingu framhjá (ISO 14509-1:2008)	4.3.2009	EN ISO 14509:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2009)
CEN	EN ISO 14509-2:2006 Smábátar – Hljóð sem berst um loft frá vélknúnum skemmtibátum – Hluti 2: Mat á hljóðstigi með samanburðarbátum (ISO 14509-2:2006)	19.7.2007		
CEN	EN ISO 14509-3:2009 Bátar – Hljóð sem berst um loft frá vélknúnum skemmtibátum – Hluti 3: Hljóðstyrksmat með útreiknings- og mæliaðferðum (ISO 14509-3:2009)	17.4.2010		
CEN	EN ISO 14895:2003 Smábátar – eldavélar sem nota fljótandi eldsneyti (ISO 14895:2000)	30.10.2003		
CEN	EN ISO 14945:2004 Bátar – Skilti framleiðanda (ISO 14945:2004)	8.1.2005		
	EN ISO 14945:2004/AC:2005	14.3.2006		
CEN	EN ISO 14946:2001 Smábátar – hámarkshleðsluþol (ISO 14946:2001)	6.3.2002		
	EN ISO 14946:2001/AC:2005	14.3.2006		
CEN	EN ISO 15083:2003 Smábátar – Austursdælukerfi (ISO 15083:2003)	30.10.2003		
CEN	EN ISO 15084:2003 Smábátar – Akkeris-, festi- og dráttarbúnaður – Styrktir festistaðir (ISO 15084:2003)	12.7.2003		
CEN	EN ISO 15085:2003 Smábátar – Varnir gegn missi manna fyrir borð og endurheimt manna sem falla fyrir borð (ISO 15085:2003)	30.10.2003		
	EN ISO 15085:2003/A1:2009	17.4.2010	Athugasemd 3	Liðinn (30.11.2009)
CEN	EN ISO 15584:2001 Smábátar – Innanborðsbensínvélar – Eldsneytis- og rafkerfisíhlutir sem áfastir eru vél (ISO 15584:2001)	6.3.2002		
CEN	EN 15609:2012 Búnaður og aukahlutir fyrir fljótandi jarðolíugas (LPG) – LPG knúningskerfi fyrir smábáta, skemmtibáta og önnur sjóför – Kröfur varðandi ísetningu	15.8.2012	EN 15609:2008 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.11.2012)
CEN	EN ISO 15652:2005 Bátar – Fjarstýringarbúnaður fyrir litla þotubáta með innanborðsvél (ISO 15652:2003)	7.9.2005		
CEN	EN ISO 16147:2002 Smábátar – Innanborðsdisilvélar – Eldsneytis- og rafkerfisíhlutir sem áfastir eru vél (ISO 16147:2002)	3.4.2003		
	EN ISO 16147:2002/A1:2013	10.7.2013	Athugasemd 3	Liðinn (31.8.2013)

Evrópsk staðlasamtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrsti birtingardagur í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 16180:2013 Bátar – Siglingaljós – Uppsetning og staðsetning (ISO 16180:2013)	10.7.2013		
CEN	EN ISO 21487:2012 Smábátar – Fastir bensín- og dísilolíutankar (ISO 21487:2012)	13.3.2013	EN ISO 21487:2012 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2013)
	EN ISO 21487:2012/A1:2014	13.3.2015	Athugasemd 3	Liðinn (30.6.2015)
CEN	EN ISO 25197:2012 Bátar – Rafknúin eða rafræn stýrikerfi fyrir stýrisbúnað, gírskiptingar og eldsneytisgjöf (ISO 25197:2012)	13.3.2013		
	EN ISO 25197:2012/A1:2014	13.3.2015	Athugasemd 3	Liðinn (30.6.2015)
CEN	EN 28846:1993 Smábátar – Raftæki – Vörn gegn íkveikju eldfimra lofttegunda (ISO 8846:1990)	30.9.1995		
	EN 28846:1993/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CEN	EN 28848:1993 Smábátar – Fjarstýribúnaður fyrir stýri (ISO 8848:1990)	30.9.1995		
	EN 28848:1993/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CEN	EN 29775:1993 Smábátar – Fjarstýribúnaður til að stjórna einni utanborðsvél með vélarafli frá 15 kW til 40 kW (ISO 9775:1990)	30.9.1995		
	EN 29775:1993/A1:2000	11.5.2001	Athugasemd 3	Liðinn (31.3.2001)
CENELEC	EN 60092-507:2000 Rafmagnsbúnaður í skipum – Hluti 507: Skemmtibátar IEC 60092-507:2000	12.6.2003		

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)
CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.

Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.

Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar gildir óbreytt að því er varðar vörur eða þjónustu sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.

Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi, er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur eða aðrar kröfur viðkomandi Sambandslöggjafar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja, sjá skrá sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* samkvæmt 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða EES-viðbæti við þau, séu rétt.
- Vísanir í leiðréttingar „.../AC:YYYY“ eru aðeins birtar til upplýsingar. Með leiðréttingu eru prentvillur, málvillur eða sambærilegar villur fjarlægðar úr texta staðals og þær geta varðað eina eða fleiri tungumálaútgáfur (ensku, frönsku og/eða þýsku) staðals sem evrópsk staðlasamtök hafa samþykkt.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samhæfða staðla og aðra evrópska staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/growth/single-market/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12